

STJÓRNARTÍÐINDI B 122 – 2000

28. nóvember 2000

2409

Nr. 854

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.**

1. gr.

1. ml. 11. gr. orðist svo:

Porskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 eru þessir: þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,50, karfi 0,55, steinbítur 0,65, grálúða 1,65, skarkoli 1,25, langlúra 0,70, þykkvalúra 1,20, skráplúra 0,50, sandkoli 0,50, loðna 0,03, síld 0,06, norsk-íslensk síld 0,04, humar (slitinn) 6,85, rækja 0,90, hörpudiskur 0,30, gulllax 0,30 og kolmunn 0,04.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 2000.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

24. nóvember 2000

Nr. 855

AUGLÝSING

um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

1. Suður-Mjódd, Mjódd.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. nóvember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Bætt er við undirgöngum undir Breiðholtsbraut, vestan við gatnamót Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Skógarsels.
2. Bætt er við undirgöngum undir Stekkjarbakka (Höfðabakka), austan við gatnamót Stekkjarbakka og Stekkjarbakka (Höfðabakka).